

18. Frumvarp

til laga um laun skipherra og skipverja á varðeinskipum ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Skipherrar hafa að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á þriggja ára fresti um 400 kr. upp í 7200 kr. á ári.

2. gr.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3900 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2900 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3300 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2700 kr. á ári.

3. gr.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 5400 kr. á ári.

Yfirvjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4900 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 4400 kr. á ári.

Annar vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir 200 til 700 hestöfl, og þriðji vjelstjóri á eimskipi, er vjel þess sýnir yfir 700 hestöfl, hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 3400 kr. á ári.

4. gr.

Loftskeytamaður 1. flokks hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr., upp í 2700 kr. á ári.

Loftskeytamaður 2. flokks hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 100 kr. upp í 2500 kr. á ári.

5. gr.

Fullgildur háseti hefir að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2000 kr. á ári. Enginn getur orðið skipaður fullgildur háseti, nema hann hafi siglt 24 mánuði, þar af að minsta kosti 6 mánuði sem viðvaningur á varðeinskipi eða verslunareimskipi.

6. gr.

Yfirkyndari hefir að byrjunarlaunum 2100 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2300 kr. á ári.

Fullgildur kyndari hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2200 kr. á ári.

Enginn getur orðið skipaður yfirkyndari, nema hann hafi verið fullgildur kyndari í 12 mánuði. Fullgildur kyndari skal hafa siglt að minsta kosti 6 mánuði sem óvanur kyndari.

7. gr.

Matsveinn hefir að byrjunarlaunum 2300 kr. á ári, en launin hækka á tveggja ára fresti um 50 kr. upp í 2500 kr. á ári.

8. gr.

Auk hinna föstu launa, sem talin eru í 1.—7. gr., njóta starfsmenn þessir dýrtíðaruppbótar á þau laun eftir sömu reglum, sem gilda eða settar kunna að verða fyrir starfsmenn ríkisins alment. Einnfremur hafa þeir ókeypiss fæði fyrir sjálfa sig á skipinu.

Starfsmenn þessir greiða iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna og öðlast rjett til lífeyris fyrir sig og ekkjur sínar samkvæmt lögum nr. 51, 27. júní 1921.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn mánaðarkaup án dýrtíðaruppbótar fyrir viðvaninga, óvaninga og vikadrengei, sem ráðnir kynnu að verða á skipin. Svo er honum og heimilt að gera samning við bryta um borgun fyrir fæði skipshafnar fyrir eitt ár í senn.

10. gr.

Launaákvæði 1. gr. skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að núverandi skip-herrar haldi þeim launum, er um var samið þá er þeir rjeddust í þjónustu ríkisins.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Athugasemdir við frumvarpið:

Þar sem ríkið er nú farið að halda úti skipum, sem það sjálft á, til landhelgisgæslu allt árið, er óþjákvæmilegt að taka ákvörðun um launa- eða ráðningarkjör starfsmannanna á skipunum. Virðist þá vera um það tvent að velja, annaðhvort að ákveða þessum mönnum laun með lögum, svo sem nú er gert um langflesta opinbera starfsmenn, eða að ráða menn fyrir mánaðarkaup, líkt því sem tíðkast hjá siglingafjelögum, og eiga þá undir breytingum þeim á launa-

kjörum, sem stafa af mismunandi eftirspurn og framboði hæfra manna. Fyrri leiðin þykir hentugri, bæði af því að yfir höfuð mun mega vænta þess að launin geti orðið heldur lægri, ef þau eru fastákvæðin með lögum, og svo hefir ríkið mjög slæma aðstöðu til þess að taka þátt í kaupdeilum og kaupgjaldssamningum, en hjá slíku yrði ekki komist ef síðari leiðin er farin.

Þegar varðskipaútgæð ríkissjóðs byrjaði, hinn 1. júlí 1926, voru settar bráðabirgðareglur um laun skipverfjanna, sniðnar eftir því, sem þá tíðkaðist um kaup skipverja á flutningaskipum, og verið hafði á björgunarskipinu »Póra« hjá fyrri eigendum hans. Öll laun voru í þessum bráðabirgðareglum ákvæðin sem mánaðarlaun, en um þau öll var það ákvæði sett, að þau skyldu hækka og lækka eftir því sem verðlagsskrá embættismanna launalaganna hækkar eða lækkar. Þessar bráðabirgðareglur, sem munu verða lagðar fyrir þingið, taka þó eigi til skipherranna. Launaupphæðir frv. eru nú sniðnar að mestu eftir þessum bráðabirgðareglum, þannig, að mánaðarlaunum er breytt í árslaun, sú tala lækkuð eftir hlutfallinu 100:167¹/_s, og þannig fundin upphæð árslauna án dýrtíðaruppbótar, er samsvarar bráðabirgðareglunum. Þessar tölur eru svo jafnaðar, svo að árslaunin stæði á heilu hundraði, og koma þá fram tölur frv.

Sjálfsgagt þykir að setja í lögin ákvæði um að þessir starfsmenn greiði gjald í lífeyrissjóð og öðlist rjett til lífeyris þaðan, sem aðrir opinberir starfsmenn, er laun taka eftir launalögum.

Ákvæði frumvarpsgeinanna hverrar fyrir sig þykir ekki þurfa að skýra.